



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 25. febr. **hjónaballshegina 4. og 5.
mars og 18. mars**
Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084 og 899-9665.**
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

tími

Samkaup strax

Opnunar-

Mánudaga-föstudaga	9:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	12:00-17:00

Athugið breyttan opnunartíma á sunnudögum
Verið velkomin
Starfsfólk Samkaup Strax



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Breittur viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Athugið!!!!
Breytt símanúmer. **480-4700.**

Pési

180. tbl. 15. árgangur

Febrúar 2005

Ritstjóri: Ísólfr Gylfi Pálmason

www.hrunamannahreppur.is

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

Skipulagsmál

Alveg á næstu dögum verður nýtt aðalskipulag fyrir Hrunamannahrepp auglýst en fulltrúar Skipulagsstofnunar hafa verið að fara yfir skipulagið. Því næst verður það auglýst og þá tekur við sex vikna ferli þar sem fólk getur gert athugasemdir við skipulagið. Íbúar hreppsins eru beðnir að gefa þessu ferli gaum þannig að við getum verið stolt af skipulaginu þegar upp verður staðið. Við megum ekki gleyma því að aldrei verður hægt að gera svo öllum líki. Hins vegar hefur verið unnið hér gott starf sem margir hafa komið að og mun skipulagið gilda frá árinu 2005 – 2016.

Efnisyfirlit

Frá Sveitarstjóra

Erindi

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

11. mars

Skilafrestur á efni:

8. mars

Frá frjálsíþróttadeild UMFH

Frjálsíþróttæfingar eru á miðvikudögum

kl. 16:30-18:15

í Íþróttahúsinu á Flúðum.

Börn fædd “91—”94 eru velkomin á
þessar æfingar.

Þjálfari Valgerður Jónsdóttir.

Mörg skemmtileg mót framundan

Verið velkomin

Frjálsíþróttadeildin

Smáriki Baugs á Flúðum

Athafnakonan og íþróttafraeðingurinn, Jónína Benediktsdóttir hefur að undanfögnu sótt að mönnum sem tengst hafa grænmetisgeiranum og verið býsna harðorð í þeirra garð og fullyrðingaglöð. Hún telur að tengsl Baugs séu ótvíræð inn í okkar samfélag. Nokkrir sveitungar okkar hafa komið að máli við mig og spurt hvort ekki væri ástæða til að svara þessum aðdróttunum. Þegar grannt er skoðað getur verið erfitt að svara blaðagrein, þar sem farið er jafn frjálstlega með “staðreyndir” eins og fram koma í grein Jónínu í Morgunblaðinu frá 2. febrúar sem hún kallar “Græna kóngulóin enn á ferð”, þar segir m.a. “Fólk á rétt á upplýsingum um þennan kóngulóarvef. Eða á það bara að halda áfram að borga hæsta verð í heimi t.d. á sveppum? Bara af því að þeir eru ræktaðir í smáriki Baugs á Flúðum? Svepparæktin er að vísu svo arðsöm, að smásalinn á þarna annað hvert hús.” Það er í raun ótrúlegt að fara fram með svona fullyrðingar og dylgjur. Baugur á ekki einasta hús á Flúðum þaðan af síður að þeir eigi eitthvað í hinu myndarlega fyrirtæki Flúðasveppum. Hins vegar á fyrirtækið sumarhús í landi hreppsins. Það eru engin tíðindi því ótrúlega mörg fyrirtæki og starfsmannafélög eiga hér sumarhús svo ekki sé talað um einstaklinga og erum við stolt og ánægð með það. Við erum líka stolt og ánægð með þá matvælaframleiðslu sem fram fer hér í hreppnum. Þá er sama hvort við tölum um hefðbundnar landbúnaðarvörur eða grænmeti. Ég hef aldrei heyrt talað um að Sláturfélag Suðurlands eða Mjólkurbú Flóamanna eigi hér búin, þó bændur selji afurðir sínar í gegnum þessi fyrirtæki. Þar er um samvinnufélög að ræða sem eru í eigu bænda. Á sama hátt er Sölufélag Garðyrkjumanna í eigu bænda, því hefur að vísu verið breytt úr samvinnufélagi í hlutafélag. Innflytjendur hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að blekkja neytendur þegar þeir merkja innflutt grænmeti eins og um innlent væri að ræða. Ég er ekki frekar en aðrir hrifinn að fákeppni, langt í frá og geri mér glögga grein fyrir því hve veldi Baugs er mikið. Það fyrirtæki hefur ótvíræð áhrif í flestum samfélögum í landinu. Það hefur þó ekki meiri áhrif hér en annars staðar. Garðyrkjumenn björguðu Sölufélagi garðyrkjumanna frá gjaldþroti fyrir nokkrum árum. Pálmi Haraldsson sem er títtnefndur í grein Jónínu átti sinn stóra þátt í að bjarga því félagi. Viðskiptalífið á Íslandi er sérkennilegt um þessar mundir en sem betur fer eru Flúðir ekki smáriki Baugs. Hrunamannahreppur er ríki kröftugs og hamingjusams fólks. Vonandi verður Jónína Benediktsdóttir hamingjusamari með hækkandi sól og sér bjartari hliðar tilverunnar með vorinu.

Ísólfr Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri.

Á bókasafninu færðu líka Vikuna, Mannlíf, Gestgjafann, Hús og Híbýli, Andrés Önd syrpu, Galdrastelpur og fleira skemmtilegt lesefni.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Athygli skal vakin á heimasíðu bókasafnsins. Slóðin er:

www.hrunamannahreppur.is

Skólar og söfn

Bókasafn

Bókasafnið er komið með nýtt netfang: bokasafn@fludir.is

Útlánatími bóka er 30 dagar og útlán má framlengja með einu símtali.

Boðið er upp á ókeypis millisafnalán.

Hvetjum alla, unga sem aldna til að lesa sér til gagns og gamans.

Fjöldi góðra bóka og nýtt efni í hverjum mánuði.

Velkomin í bókasafnið.

Félagsheimilinu Flúðum

Sími: 486 6708

Tölvupóstur: bokasafn@fludir.is

Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga 17:00-21:30

Laugard og sunnudaga 13:00-18:00

Hrunamannahreppur

Skrifstofan er opin,
frá kl 9-12 og 13-16.
Mánudaga til föstudaga

Frá Bókasafni Hrunamanna

Vantar þig eitthvað að lesa? Nýttu þér þann fjársjóð sem bókasafnið hefur að geyma.

Nú eru margar nýjar bækur á bókasafninu sem komu út fyrir jólin. Skáldsögur eftir bæði íslenska og erlenda höfundar fyrir börn, unglínga og fullorðna. Einnig fræðibækur, ævisögur, ættfræði, héraðslýsingar, ljóðabækur og almennt efni.

Fyrir yngstu börnin:

Ungfrú bækurnar, Gralli Gormur og litadýrðin mikla, Af því mér þykir svo vænt um þig, Litli Björn lærir að synda, Kuggur, og fleiri skemmtilegar bækur.

Fyrir 9 ára og eldri:

Úr Bálki hrakfalla: Illa byrjar það, Skriðdýrastofan og Stóri glugginn. Heimsmetabók Guinness, Bestu knattspyrnulið í Evrópu, Í loftinu lýsa stjörnur, Dóttir ávítarans, Dularfulla dagatalið, Sverðberinn, Ránið, Galdur Vísdomsbókarinnar, Nornafár og fleiri spennandi bækur.

Aðrar bækur:

Seiður lands og sagna III, Jöklaveröld, Árnesingur VI, Ísland í aldanna rás 1900-2000, Vængjatök-hugverk sunnlenskra kvenna, 101 Ný vestfirsk þjóðsaga 7. bindi, Íslenski hesturinn, Saga bílsins á Íslandi 1904-2004, Landnámsöldin og fleiri fróðlegar og fallegar bækur.

Fréttir frá hreppskrifstofu

Ferðamála- og íþróttanefnd fær styrk.

Á fundi Ferðamálaráðs Íslands í janúar var samþykkt að veita Íþrótt- og Ferðamálanefnd Hrunamannahrepps kr. 300.000 til þess að vinna að gerð gönguleiðar sem nefnist í slóð Fjalla-Eyvindar. Við eigum hér öflugt fólk sem hefur verið að skipuleggja gönguferðir á sumrin og er þessi viðurkenning Ferðamálaráðs kærkomin styrkur til þessa starfs okkar hér.

Minjasafnið í Gröf á fjárlögum

Við afgreiðslu fjárlaga ársins 2005 fær Hrunamannahreppur styrk vegna Minjasafnsins í Gröf að upphæð kr. 1.000.000. Þetta er þriðja árið í röð sem þessi styrkur er veittur og er í raun viðurkenning fyrir það starf sem unnið hefur verið af Emil heitnum Ásgeirssyni og fjölskyldu hans að varðveislu gamalla muna. Í undirbúningi er að gera safnið að sjálfseignarstofnun og hefur Guðjón Emilsson haft forystu um það. Kröftugt áhugasamt fólk er hvatt til þess að hjálpa okkur við að efla safnið og finna framtíðarlausn á húsnæðismálum og starfsemi safnsins.

ÁTVR á Flúðir?

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt að kanna möguleika á því að áfengisútsala verði sett upp hér á Flúðum. Sveitarstjóri sendi bréf vegna þessa og hafa fulltrúar ÁTVR kannað aðstæður hér. Mál sem þetta tekur alltaf sinn tíma nú er bara spurningin hvort réttarfelinn verði keyptur á Flúðum eða annars staðar næst þegar réttað verður.

Sjálfvirk veðurathugunarstöð.

Hreppsnefnd hefur einnig samþykkt að kanna möguleika þess að setja upp sjálfvirka veðurathugunarstöð á Flúðum. Það er alkunna að veðursæld er hér einstök og segja vísir menn að hitastig hafi komist upp í 32.5° s.l. sumar. Þetta er í rauninni nægjanleg ástæða til þess að koma hér upp sjálfvirkri veðurathugunarstöð. Slík stöð getur haft mikil áhrif á ferðamennsku hér í hreppnum.

Hrunamannahreppur meðal framsækinnna sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga hafa valið Hrunamannahrepp til nánari skoðunar sem framsækið sveitarfélag. Við erum eitt af 10 sveitarfélögum í landinu sem valið hefur verið. Hin eru: Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarkaupstaður, Reykjanesbær, Akureyrarkaupstaður, Garðabær, Sveitarfélagið Álftarnes, Grindavíkurbær, Dalvíkurbyggð, Blönduósbær, Djúfavogshreppur og Þórshafnarhreppur. Við erum auðvitað svolítið stolt af þessu en hins vegar fylgir vandi vegsemd hverri og þess vegna verðum við að kappkosta að standa okkur á sem flestum sviðum í rekstri og þjónustu. Námskeiðin hér að neðan hjálpa okkur vonandi við það.

Starfsfólk uppsveita á námskeið

Í framhaldi af starfsmati, starfslýsingum og starfsmannastefnu var haldið námskeið þess fólks sveitarfélaganna sem eru í þjónustu við íbúana. Námskeiðið fjallaði um þjónustu, liðsheild og samvinnu. Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur og f.v. handboltakappi og íþróttahjálpari stýrði námskeiðinu. Nú er það okkar að kappkosta að standa okkur enn betur í þjónustu við íbúa hreppanna.

Svanhildur skrifstofustjóri

Í vinnunni við starfsmat og starfslýsingar hefur Svanhildur Pétursdóttir sem ber hita og þunga af skrifstofuhaldi í Hrunamannahreppi starfstítilinn skrifstofustjóri. Svanhildur er eins og allir vita traustur og kröftugur starfsmaður. Starfstílinum fylgir ekki kaskeiti alla vega ekki enn!

Fleiri á námskeið

Það eru fleiri en starfsmenn uppsveita Árnessýslu sem eru á leið á námskeið. Oddvitar, sveitarstjórar og skipulagsfulltrúi eru á leið á námskeið og í skoðunarferð vegna skipulagsmála á Norðurlöndum. Skoðunarferðin fer fram fyrstu dagana í mars. Arinbjörn Vilhjálmsson og Ásborg Arnþórsdóttir hafa skipulagt ferðina. Nú er bara að vita hvort þetta fólk getur eitthvað lært. Sveitarstjórnir voru reyndar einnig á námskeiðinu hjá Jóhanni Inga, þannig þeir verða að reyna að standa sig enn betur á öllum sviðum eftir námskeiðahaldið.

Range Rover HRE 2000 með öllu

Það er bara **EINN** svona í heiminum. Þess vegna bara **EINN** slíkur til sölu. Ekinn 48 þús. Ný 35" dekk. Bill sem prýðir ekki aðeins eiganda sinn heldur alla sveitina. (Er nefninlega búinn að fá nýjan). Verð: 3,9 millj.— Áhvílandi 2. millj. Upplýsingar gefur: Maggnús Víkingur í síma 89 365 99

Frá knattspyrnudeild Ungmennafélagsins

Foreldrar athugið!!!! Nokkra búninga vantar í keppnissettin okkar. Endilega kikið, hvort ekki leynast búningar heima hjá ykkur og komið þeim til skila í Íþróttahúsið eða til Heimis sem allra fyrst. F.h.Knattspyrnudeildarinnar Heimir Gunnarsson S: 894-3030

Hnakkur til sölu.

Top rider hnakkur með öllu til sölu Er sem nýr Verð kr. 60.000 Upplýsingar hjá Heimi í síma 894-3030

Frá íþróttahúsinu á Flúðum

Opnunartími í tækjasal:
Mánudaga - miðvikudaga 15:30-21:00
Fimmtudaga 13:00-21:00
Föstudaga 13:00-21:00
Laugardaga LOKAÐ
Sunnudaga 14:00-21:00

Smárákrakkar takið eftir !

Við ætlum að byrja á að þakka ykkur fyrir dugnaðinn á reiðtygjadeginum ! Þið stóðuð ykkur með þryði og nú er bara að byrja að ríða út. Sum eru kannski þegar byrjuð. Við ætlum að láta ykkur vita hvað verður á dagskrá næstu tvo mánuði:

- Helgina 12. og 13. mars verður sýningin Æskan og hesturinn í Víðidalnum í Reykjavík. Við stefnum á rútuferð á sýninguna á **laugardeginum 12.mars** og tilkynna þarf þátttöku sem fyrst, því við verðum að láta taka frá sæti fyrir hópinn. Oft hefur þurft að vísa hópum frá. Nánari tímasetning og skipulag verður auglýst síðar.
- Helgina 9. og 10. apríl stefnum við á Hestheima. Við erum búin að panta aðstöðu fyrir hesta og börn og reiðkennari verður Rosemarie í V- Geldingaholti. Þið sem hafið áhuga á ferðinni, látið vita fljótt til nefndarinnar. **Anna s-4866034, Lára s-4865514 og Ása María s-4866531.**
- Í sumar verða æskulýðsbúðir YOUTH CAMP á Ármóti, Rangárbíngi ytra. Þetta eru alþjóðlegar æskulýðsbúðir fyrir aldurshópinn 14-18 ára og stendur dagana 15.-22.júlí. Sækja þarf um til L.H. með góðum fyrirvara og þeir sem hafa áhuga geta haft samband við **Önnu í s-4866034 eða Rosemarie í s-4866055.** Munið eftir punktamótinu **26.febrúar.**

Æskulýðsnefnd Smára.

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps

Stefnt er að því að halda aðalfund Kvenfélags Hrunamannahrepps mánudaginn 21. febrúar kl. 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosið verður um formann og varastjórn.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Mætum og tökum þátt í uppbyggilegu og gefandi félagsstarfi.
Stjórnin.

Ásdís Bjarnadóttir formaður gefur ekki kost á sér til endurkjörs
Anna Ásmundsdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn.

Nýjar paprikur á markað

Í annarri viku janúar mánaðar settu eigendur garðyrkjustöðvarinnar á Jörfa á markaðinn fyrstu uppskeru af papriku ársins 2005. Daginn lengir um eitt hænufer á dag og er þetta vonandi fyrsta vísbending um gott nýtt framleiðsluár. Það er ánægjulegt að eigendur Jörfa setja vöruna strax í verslunina Strax og fá íbúar Hrunamannahrepps því notið þess að gæða sér á þessari gæðavöru.

Uppsveitakortið 2005

Okkar ötuli ferðamálafulltrúi Ásborg Arnþórsdóttir er að láta endurnýja Uppsveitakortið 2005. Það er gefið út í rúmlega 20.000. eintökum. Kortið nýtur mikilla vinsælda og er algerlega ómissandi að sögn ferðamanna og margra heimamanna. Nú auglýsir ferðamálafulltrúinn eftir athugasemdum og ábendingum. Netfang Ásborgar er asborg@ismennt.is og sími hennar er 486-8810. Gerum gott kort enn betra því betur sjá augu en auga.

Nýtt Íslandsmet?

Guðjón Árnason, skólastjóri er reyndur maður. Hefur m.a. verið skólastjóri um 25 ára skeið lengst af á Hvolsvelli. Guðjón á líklega Íslandsmet í því að þurfa ekki að gefa fæðingaorlof. Því ekki er vitað til að kennari hafi orðið óléttur eða hann þurft að gefa fæðingaorlof þann tíma sem hann hefur stýrt skóla. Einhverjir bíða spenntir eftir því hvort þessi hefð haldist hjá honum hér í Hreppnum.

Marta í afleysingum fyrir Lilju!

Marta stórbóndi í Birtingaholti mun leysa Lilju Helgadóttur sem starfar hjá Hitaveitu Flúða og Hrunamannahreppi af, þegar Lilja fer í fæðingarorlof með vorinu. Marta starfaði í banka um tíu ára skeið áður en hún flutti í Hreppinn árið 1995. Marta er boðin velkomin til starfa og Þésinn óskar Lilju gæfu og gengis.

Úthlutun lóða

Talsvert er spurt um lóðir á Flúðum og hefur nokkrum lóðum verið úthlutað að undanfögnu. Einnig er unnið að nýju deiliskipulagi þar sem boðið verður uppá lóðir til byggingar íbúðahúsnæðis.

Gott fréttabréf Flúðaskóla

Nú fyrir skömmu gaf Flúðaskóli út gott og upplýsandi fréttabréf. Margt upplýsandi kemur fram í bréfinu m.a. er þar skóladagatal þar sem fram kemur hvernig starf vetrarins er skipulagt út skólaárið. Sagt er frá gjöfum sem skólanum hefur borist m.a. falleg blóm sem Elín Gísladóttir gaf og fallett jólatré sem höggvið var í reit kvenfélagsins og skólanum var gefið. Fyrir þetta erum við afar þakklát. Í bréfinu er einnig sagt frá viðleitni skólans til þess að koma til móts við nemendur vegna hins langvinna verkfalls sem var í vetur með því að bjóða uppá viðbótarkennslu. Hins vegar nýta nemendur sér þetta ekki sem skyldi – það er auðvitað mjög slæmt, því þetta kostar sveitarfélagið peninga. Foreldrar eru hvattir til þess að kynna sér þessa þjónustu og hvetja nemendur til þess að nýta sér þennan möguleika, ella hlýtur hún að leggjast af.

Okkar maður á heimslista badmintonmanna.

Það gladdi okkur Hreppamenn að sjá að einn af ungum og efnilegum mönnum hér í sveit er 395. á heimslista bestu badmintonmanna heims. Þetta er Daníel Reynisson og er stráksa óskað til hamingju með árangurinn – en enginn annar Íslendingur er nær þessum toppi um þessar mundir. Segir ekki einhversstaðar að æfingin skapi meistarann.

Hugulsamur sjómaður

Benedikt Ásgeirsson kom færandi hendi í leikskólann á dögnum. Hann kom með tvo lifandi trjónukrabba. Krabbarnir vöktu mikla athygli og um heimsókn þeirra spunnust margar skemmtilegar sögur og ævintýri. Benedikt eru færðar þakkir fyrir hugulemina það er auðvitað kærkomið fyrir börnin að fá að skoða svona spennandi dýr.

KONUDAGUR

Í tilefni 5 ára afmælis Nuddstofu Elsu

Býður stofan upp á frábært konudagstilboð

í steinanudd.

Hægt verður að nýta tilboðið fyrir 20 febrúar.

Gjafabréfin frá Elsu klikka ekki.....

Upplýsingar hjá Elsu í Síma 690-6024

Aðalfundur og árshátíð.

Aðalfundur Áhugafélags um verndun sæluhúsa á afrétti Hrunamanna (ÁSÆL) verður haldinn laugardaginn 19. febrúar kl. 20:30 í Golfskálanum Efra-Seli. Nýjir félagar velkomnir.

Að fundi loknum verður haldin árshátíð félagsins. Hefst hún með því að snædd verður tvíréttuð veislumáltíð að hætti Ástu og Halldórs. Myndasýning verður frá uppbyggingu grjótkofans í Leppistungum síðastliðið sumar ásamt öðrum uppákomum. Miðaverð er kr. 2.200,-.

Nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku til Unnsteins í síma 894-3333 eða Hilmars í síma 898-5404 í síðasta lagi sunnudagskvöldið 13. febrúar.

Góðir félagar bjóðum nú makanum út að borða og gerum fyrstu árshátíðina ógleymanlega.

STJÓRNIN



FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Alla virka daga

Frá: VM Flytjanda

Klettagörðum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

Pálmár: 892-2370 Bilstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@hvippinn.is



VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

Tímamantanir í síma 566-8342

VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.

ADALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00

Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00

Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum

Sinfóníuhljómsveitin

Stórkostlegur tónlistarviðburður á sér stað hér þann 22. apríl næstkomandi. Þá mun Sinfóníuhljómsveit Íslands koma hingað í heimsókn. Þetta hefur orðið til þess að látúnsbarkar uppsveita Árnessýslu æfa nú frá morgni til kvölds fyrir stórtónleikana, sem haldnir verða í íþróttahúsinu á Flúðum. Hugmyndin er sú að um miðjan daginn verði tónleikar fyrir skólafólk hér á svæðinu, þar sem skólakórar syngja með sveitinni. Seinni tónleikarnir hefjast kl. 20. 00 og þar munu nokkrir kórar úr uppsveitum Árnessýslu troða upp. Þau sæmdarhjórn Edit Anna Molnár og Miklos Dalmay leggja nú nótt við dag að þjálfra söngfólkið en Karlaþór Hreppamanna mun áður halda árlega tónleika sína 19. mars n.k. Körlunum finnst ástæða til að ná úr sér hrollinum áður en sinfónían kemur hingað.

Líf og fjör í leikskólanum

Nemendur leikskólans fóru í opinbera heimsókn í Flúðaskóla á dögunum. Mjög vel var tekið á móti þessum verðandi nemendum skólans og er þetta liður í því að gera nemendur öruggari þegar þeir flytja sig yfir götuna og setjast á skólabeck í Flúðaskóla. Þetta er einn af mörgum þáttum í því að tengja betur saman þessi tvö skólastig því mikil áhersla er lögð á það að leikskólinn er fyrsta stig skólastarfsins og mikils um vert að þessar uppeldisstofnanir okkar vinni vel saman.

Ritgerðasmíð Hrunamanns

Ungur maður Gunnar Magnússon (Magnúsar Víkingssonar) vinnur nú að ritun bs. ritgerðar við Háskóla Íslands. Hann ætlar sér að skrifa um landbúnað í Hrunamannahreppi. Hluti af þessari ritgerð er spurningalisti sem hann sendi bændum hér. Við hvetjum bændur til þess að svara þessum spurningum Gunnars fljótt og vel en hann gefur mönnum eina viku til þess – þó svo að þetta taki stuttan tíma þar sem um krossaspurningar er að ræða. Fyllsta trúnaði er heitið og við hvetjum bændur til þess að taka þátt í þessu spennandi verkefni Gunnars.

Guðbjörg 60 ára

Það var eins og vænta mátti myndarlegt afmælið hennar Guðbjargar Björgvinsdóttur í Birtingaholti, sem hún og fjölskylda hennar héldu uppá um síðustu helgi. Gamall vinur hennar úr Hvolhreppnum orti til hennar af þessu tilefni:

Er þinn hlutur ekki smár
sem allt vill bæta og laga.
Með sól í hjarta í sextíu ár
og sumar alla daga. // P.E.//

Einstakt tækifæri

Nú auglýsum við gamla eðalvagninn okkar Ford Transit, sem er með lélegan girkassa en einstaklega góð sæti. Þessi bíll er díselbíll í eigu Hrunamannahrepps. Allar nánari upplýsingar veitir Hannibal Kjartansson, veitustjóri. Við viljum gjarnan fá tilboð í gripinn og áskiljum okkur rétt til þess að hafna öllum tilboðum ef viðunandi tilboð fæst ekki.

Fjörug þorablót

Það rekur hver stórviðburðurinn annan hér í sveitinni. Tvö þorablót hafa verið haldin með stuttu millibili. Hótelhaldararnir okkar, þau Margrét og Guðmundur voru með svellandi fínt þorablót s.l. laugardagskvöld. Eitthvert hik var á auglýstum skemmtikröftum og þeir mættu bara ekki. Hins vegar voru þeir sem í þeirra stað komu aldeilis ágætir. Mesta lukku vakti íþróttakennarinn okkar Árni Þór Hilmarsson sem kemur sterkur inn í skemmtanabransann. Súsanna Svavarsdóttir bregst aldrei. Hins vegar var ekkert hik á “heldri borgurunum” okkar sem voru með strollandi fínt þorablót í vikunni og mörg bráðskemmtileg skemmtiatriði. Þá styttist í hjónaballið, nefndin má standa sig ef hún ætlar að toppa þorablótin.

Vetrar Útsala Andrésar í Félagsheimili Hrunamanna Flúðum

Föstudag 25. febrúar kl. 14-19

Þjóðum vandaðan fatnað á vægu verði.

Dæmi:

Jakkaföt	12.900—14.900
Stakir jakkar	8.900 Jakkar litlar stærði á 2.000
Stakar buxur	3.900
Buxur 120-140sm.	4.900 Buxur, stakar stærðir á 1.000
Flauelsbuxur	2.900 – 4.900
Bómullar og gallab.	2.900
Vetrarjakkar	8.900
Úlpur	1.900– 4.900
Skyrtur	50% afsláttur við kassa
Hálsbindi	1.000
Jakkapeysur	4.900
Peysur	25% afsláttur við kassa
Afa peysur	2.900
Bolir á	400- 900 - 2.900
Nærföt, sokkar ofl.	20% til 50% afsl. við kassa

Andrés fataverslun

Skólavörðustíg 22a 101 Reykjavík

Sími 551-8250 og 862-6439

VISA PÓSTKRÖFUÞJÓNUSTA EURO

VISA P'